

## Um höfundinn

Jökull Jakobsson (1933 –1978) fæddist í Neskaupstað á Norðfirði. Jökull lauk námi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1953 og lagði síðan um hríð stund á nám í leikhúsfraeðum í Vínarborg. Hann hafði gefið út sína fyrstu skáldsögu, *Tæmdan bikar*, þegar hann var enn aðeins sautján ára gamall. Er hann sneri heim tók hann að fást við blaðamennsku og vann um tíma á dagblaðinu *Tímanum* en síðan einkum á ýmsum tímaritum, svo sem *Víkunni* og *Fálkanum*. Með leikritinu *Hart í bak* (1962) varð hann á skammri stundu vinsælasti leikritahöfundur Íslands og markaði djúp spor í leiklistar sögu landsins.

### Tíminn eftir Omar Khayam

Tíminn hann er fugl sem flýgur hratt  
Hann flýgur kannski úr auglýsni þinni í kvöld  
Á hverjum degi gerðu upp þín gjöld  
Við guð og menn og tak þinn staf og hatt  
Slíttu hverja festi er fót þinn batt  
Við fánýtt heimsins gæði, auð og völd  
Ég vona að verði sett á söguspjöld  
Með sjálfsvirðingu hafi ég alla kvatt  
Tíminn hann er fugl sem flýgur hratt  
Hann flýgur kannski úr auglýsni minni í kvöld

Sýningin er styrkt af menningar- og mannlífsnefnd Kópavogs



Leikfélag Kópavogs er aðili að Bandalagi íslenskra leikfélaga



Leikfélag Kópavogs

# Herbergi 213

eftir Jökul Jakobsson

**Frumskýnt 25. október 2025**

**Miðasala á [Tix.is](http://Tix.is)**

## Velkomin í leikhúsið í Kópavogi

Leikfélag Kópavogs setur nú á svið Herbergi 213 (eða Pétur mandólin) eftir Jökul Jakobsson. Fimmtíu ár er síðan verkið var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 1974. Verkið var töluvert sett upp áratuginn þar á eftir en hefur lítið verið sett upp síðan. Verkið er eitt af fyrstu verkum á íslensku leiksviði sem skrifað var fyrir konur. Verkið fjallar um arkitektinn Albert sem kemur til að ganga frá heildarskipulagi í bæ úti á landi. Hann kemur á heimili Péturs, látins skólafélaga síns. Konurnar á heimilinu taka vel á móti honum. Líf færir í húsið, en ekki er allt sem sýnist.

### Persónur og leikendur:

Albert	Gisli Björn Heimisson
Dóra - kona Péturs	Anna Margrét Pálsdóttir
Frú Lovísa - mamma Péturs	Ingveldur Lára Þórðardóttir
Lovísa - dóttir Péturs	Birgitta Björk Bergsdóttir
Anna - systir Péturs	Oddfreyja H Oddfreysdóttir
Stella - hjákona Péturs	Guðný Hrönn Sigmundsdóttir

Leikstjóri	Sigrún Tryggvadóttir
Aðstoðarleikstjóri	Örn Alexandersson
Hljóð og mynd	Hörður Sigurðarson
Leikmynd	Þorleifur Eggertsson
Búningar, hár, förðun og leikgervi	Elín Sigríður Gísladóttir
Ljósahönnun	Skúli Rúnar Hilmarsson
Leikskrá og plakat	Hjördís/Hörður/Örn
Sýningarstjórar og hvíslarar	Þórdís Sigurgeirsdóttir
	Sigurbjörg Halldórsdóttir
	Helga Bára Bragadóttir
	Þórdís Sigurgeirsdóttir
	Hjördís Berglind Zebitz
	Aðalsteinn Jóhannsson
	Melkorka Líf Jónsdóttir
	Adam Thor Murtomaa

## Leikstjórinn

Sigrún Tryggvadóttir hefur starfað með Leikfélagi Kópavogs síðan 2006 en hafði áður starfað með leikfélaginu Leyndir draumar og var einn af stofnendum þess árið 1996. Sigrún hefur setið í stjórn LK og hefur áður leikstýrt leiksýningum og leikþáttum hjá félaginu og nú síðast Betri er þjófur í húsi en snurða á þræði eftir Dario Fo. Sigrún hefur einnig fengist við að skrifa stutta leikþætti og var meðal annarra meðhöfundur í uppfærslu Leikfélags Hafnarfjarðar á verkinu „Ekkert að óttast“ sem valin var athyglisverðasta áhuga-leiksýning ársins 2016 af valnefnd Þjóðleikhússins. Sigrún hefur sótt fjölda námskeiða í leiklist, s.s. í leikstjórn og leikritun.

## Aðstoðarleikstjórinn

Örn Alexandersson hefur starfað með Leikfélagi Kópavogs frá 1988 og m.a. setið í stjórn félagsins. Hann hefur tekið þátt í fjölda uppfærslna hjá Leikfélagi Kópavogs sem leikari, hannað leikmyndir, búninga, leikstýrt og skrifað nokkur leikrit bæði fyrir börn og fulloröna auk styttri leikþátta. Örn hefur sótt fjölda námskeiða tengdra leiklist, s.s. í leikstjórn og leikritun.

Sigrún og Örn hafa unnið saman í fjölda sýninga hjá félaginu.

